

Miðvikudaginn 28. október 1964.

Nr. 138/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Einari Karlssyni (Örn Clausen hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarmennir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Þjófnaður. Bótakrafa. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar, einungis að því er varðar ákærða Einar Karlsson.

Eigi þykir verða fallizt á ákvæði hins áfrýjaða dóms um frávísun fjárkröfu þeirrar, er þar getur, en ekki má tefja refsímálið með heimvísun af þeim sökum, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði Einar Karlsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 4.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Einars Karlssonar, frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans og greiðslu sakarkostnaðar af hans hendi eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, kr. 4.000.00, og laun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara
um formhlið málsins.

Aðfaranótt sunnudagsins 1. september 1963 braut ákærði rúðu í glugga verzlunarinnar Radiotóna, Laufásvegi 41, og fór þar inn í þeim tilgangi að stela, að því er sannað verður að telja. Vátryggjandi rúðunnar, Samvinnutryggingar, bættu eigandanum hana með kr. 460.00 og gerðu síðan með bréfi 8. október 1963 þá kröfu til sakadóms Reykjavíkur, að ákærða yrði með dómi sakadóms í máli ákæruvaldsins á hendur honum dæmt að greiða Samvinnutryggingum tjón sitt. Samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961 er þriðjamanni, sem hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, er sökunautur er borinn, rétt að koma bótakröfu sinni að í refsímáli á hendur sökunaut, og skal dæma hana þar, enda verði hún nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli. Ótvírætt verður að telja, að vátryggingarfélag, sem skyldu sinni samkvæmt hefur bætt tjón af athæfi sökunauts, nýtur réttarfarshagræðis þess, er í nefndu ákvæði greinir. Og engin þau tilvik eru fyrir hendi, sem svipti Samvinnutryggingar rétti sínum til að koma að bótakröfu sinni á hendur ákærða í málinu. Bar því sakadómarar skýlaus skylda til að leggja dóm á kröfuna. Í þess stað vísaði hann henni frá dómi. Af þessum sökum verður eigi komizt hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til réttrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til réttrar meðferðar.

Áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens, kr. 4.000.00.

S é r a t k v æ ð i
Einars Arnalds hæstaréttardómara.

Ég tel refsingu ákærða Einars Karlssonar hæfilega ákveðna

fangelsi í 6 mánuði. Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1964.

Ár 1964, föstudaginn 29. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3412—3413/1964: Ákærvaldið gegn Einari Karlssyni og Hilmarí Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 21. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 21. desember 1963, gegn 1) Einari Karlssyni iðnverkamanni, nú til heimilis Stýrimannastíg 9, Reykjavík, fæddum 7. marz 1939 í Reykjavík, 2) Hilmarí Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni bifreiðarstjóra, Grundarstíg 2A, hér í borg, fæddum 21. marz 1928 í Reykjavík, „fyrir brot þau, er nú verður lýst:

I. Gegn ákærða Einari Karlssyni:

1. Að brjótast fimmtudagsnóttina 17. janúar 1963 inn í úra- og skartgripaverzlunina Jóhannes Norðfjörð h/f í Austurstræti 18 í Reykjavík og stela þar 42 úrum, 30 einbaugum úr gulli, 12 gullsnúrum, 26 barnahringum, 5 bindisnælum og 13 pörum af skyrtuhnöppum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Að brjótast í þjófnaðarskyni mjög ölvaður sunnudagsnóttina 1. september 1963 inn í verzlunina Radíó-tóna, Laufásvegi 41, Reykjavík.

Telst þetta aðallega varða við 244. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara telst það varða við 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

3. Að stela sunnudagsmorguninn 1. september 1963 frakka úr fatageymslu veitingahússins Glaumbæjar í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Gegn ákærða Hilmarí Rúnari Breiðfjörð Jóhannssyni er málið höfðað fyrir að flytja á síðastliðnu vori með ákærða Einari Karlssyni nokkuð af þýfinu úr úra- og skartgripaverzlun Jóhannesar Norðfjörðs h/f, sbr. I., 1, hér að framan, úr felustað í Öskjuhlíð heim til Einars og taka í um fjögur skipti við úr

hendi Einars 1 hring, 3 pörum skyrtuhnappa og allt að 15 úrum, sem hann tók að sér að selja fyrir Einar, og sumpart seldi, en sumpart geymdi eða notfærði sér. Við þessar athafnir var ákærða Hilmarí Rúnari Breiðfjörð ljóst, að ákærði Einar hafði stolið mununum.

Telst brot ákærða Hilmars Rúnars Breiðfjörðs varða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, skaðabóta­greiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I.

Sannað er með framburði ákærða Einars Karlssonar og öðrum gögnum, að aðfaranótt 17. janúar 1963 fór hann að úra- og skartgripaverzlun Jóhannesar Norðfjörðs h/f í Austurstræti 18, braut þar stóra rúðu í aðaldyrum og fór þar inn og hafði þaðan í brott með sér mikið af úrum og skartgripum. Feng sinn fól ákærði sömu nótt suður í Öskjuhlíð. Allöngu síðar sótti ákærði nokkuð af fengnum, hringa, ermahnappa og úr, og tók að selja smátt og smátt. Úrin seldi hann með aðstoð ákærða Hilmars Rúnars Breiðfjörðs Jóhannssonar. Þeir hittust fyrst á veitingahúsi vorið 1963, og sagði ákærði Einar ákærða Hilmarí frá úrunum og hvernig hann væri að þeim kominn. Í þetta skipti keypti Hilmar tvö úr af Einari. Nokkru síðar hittust þeir aftur, og fóru þeir þá saman suður í Öskjuhlíð og sóttu varninginn. Tók nú Hilmar nokkru meira af munum til að selja. Ákærði Einar segir, að ákærði Hilmar hafi í tvö önnur skipti tekið við úrum hjá sér til að selja, og ætlar hann, að samtals hafi ákærði Hilmar þannig tekið við 10—15 úrum, og muni hann hafa greitt fyrir úrin um 1500 kr. alls. Ákærði Hilmar segist ekki hafa fengið vitneskju um, að úrin væru stolin, fyrr en í það skipti er ákærðu sóttu úrin suður í Öskjuhlíð. Hann segir, að þá hafi hann tekið við fjórum úrum, hring og 3 pörum af ermahnöppum. Ákærði Hilmar minnst þess síðan, að hann hafi einu sinni tekið við úri af ákærða Einari, og ber þeim þannig ekki að öllu saman um málsatvik. Ákærði Hilmar tekur fram, að um þessar mundir hafi hann verið mjög óreglusamur og muni lítt, hvað gerðist, og vilji því ekki fullyrða, að hann kunni ekki að hafa tekið við meiru en hann man eftir.

Samkvæmt því, sem gefið er upp af hálfu verzlunarinnar, voru eftirtaldir munir teknir:

41 úr af ýmsum gerðum, verðmæti kr. 79.275.00.

30 pör einbauga úr gulli, verðmæti kr. 25.000.00.

12 gullsnúrur, verðmæti kr. 1.620.00.

13 pör af ermahnöppum, ýmsar gerðir, verðmæti kr. 4.530.00.

Verðmæti hins stolna hefur eftir þessu verið samtals kr. 110.-227.00.

Við húsleit, sem fram fór 1. september 1963 í herbergi ákærða Einars, sem þá bjó á Laufásvegi 60, fundust eftirtalin verðmæti:

24 úr,

18 stk. gullhringir,

6 gullsnúrur,

13 pör af skyrtuhnöppum,

5 bindisnælur og

26 barnahringir.

Við húsleit, sem gerð var hjá ákærða Hilmar, afhenti ákærði 3 pör af ermahnöppum og eitt par af skyrtuhnöppum, og kona Hilmars afhenti einn hring og úr, er hún bar á sér. Þá afhenti Hilmar við yfirheyrslu eitt úr, sem hann hafði á sér. Loks afhenti einn maður úr, sem ákærði Hilmar hafði gefið honum.

Með innbrotinu í verzlun Jóhannesar Norðfjörðs h/f og töku á verðmætum þar, hefur ákærði Einar gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með því að aðstoða ákærða Einar við að viðhalda ávinningi af auðgunarbroti og taka sjálfur þátt í þeim ávinningi, hefur ákærði Hilmar brotið gegn 254. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga.

Af hálfu Jóhannesar Norðfjörðs var gerð krafa um bætur, að fjárhæð samtals kr. 52.098.00. Ekki hafa ákærðu, þrátt fyrir áskoranir dómsins, greitt neitt af bótum þessum, en krafan hefur verið útkljáð með dómssátt þess efnis, að ákærðu greiði in solidum kr. 34.123.00, en ákærði Einar einn afganginn.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 1. september 1963 braut ákærði Einar rúðu í glugga verzlunarinnar Radiótóna, Laufásvegi 41, og fór þar inn. Lögreglunni var tilkynnt um þetta, og er lögreglumenn komu á staðinn, fundu þeir ákærða sitjandi inni í verzluninni. Ekki var hann farinn að taka neitt, en telur þó sennilegt, að sú hafi verið ætlunin, en man annars atvik óljóst fyrir ölvunar sakir.

Líta verður svo á, eftir atvikum, að ákærði hafi brotízt þarna

inn í auðgunarskyni, og hefur hann með því brotið gegn 244. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Tjón af brotinu hefur verzlunin fengið bætt frá tryggingarfélagi, sem óskað hefur að fá endurkröfu dæmda í þessu máli. Telja verður að réttarfarshagræði það, sem felst í XVII. kafla laga nr. 82/1961, sé aðeins í þágu þess, sem fyrir tjóni verður, en ekki þeirra, sem kunna að fá slíkar kröfur framseldar. Verður því ekki dæmt um kröfuna í þessu máli.

III.

Sannað er með framburði ákærða Einars Karlssonar og öðrum gögnum, að sunnudagsmorguninn 1. september 1963 kom hann inn í veitingahúsið Glaumbæ og tók þar að ófrjálssu frakka og hafði á brott með sér, en skömmu síðar var ákærði tekinn skammt frá húsinu og frakkinn tekinn af honum. Svo sem greinir hér að framan undir II hafði ákærði verið tekinn um nóttina vegna innbrots, en ákærði sloppið frá lögreglunni.

Með töku frakkans hefur ákærði brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Ákærði Einar Karlsson hefur áður orðið uppvís að auðgunarbroti, og var ákæru á hendur honum fyrir þjófnað frestað skil-orðsbundið í 3 ár frá 18. september 1956. Þá hefur hann þrisvar sætt sekt fyrir ölvun.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Einars hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Þar sem ákærði hefur áður verið uppvís að þjófnaði og brot hans nú eru stórfelld, eru ekki skilyrði til þess að skilorðsbinda fullnustu refsingarinnar.

Ákærði Einar var í gæzluvarðhaldi 2. september til 1. október 1963, þ. e. 29 daga, og ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaga að ákveða, að vist þessi skuli koma refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Hilmar Rúnar hefur áður á árunum 1945—1951 verið 6 sinnum dæmdur fyrir auðgunarbrott, síðast 12. júní 1951 í 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Eftir það hefur hann aðeins sætt 4 smásektum og hinn 28. febrúar 1961 verið dæmdur í 10 daga varðhald fyrir ölvun við akstur.

Refsing þessa ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Einar Karlsson sæti fangelsi 8 mánuði. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans 29 daga.

Ákærði Hilmar Rúnar Breiðfjörð Jóhannsson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. nóvember 1964.

Nr. 100/1963. **Sveinn Ólafsson** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
 gegn

Hauki Péturssyni og gagnsök
 (Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsen, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theo-
 dór B. Línal.

Árestur bifreiða. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. ágúst 1963. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði eigi gert að greiða hærri fjárhæð en kr. 4.899.59. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. janúar 1964, áfrýjað málinu með stefnu 28. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 19.597.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. ágúst 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi aðaláfrýjanda.

Af því, sem fram hefur komið um akstur bifreiðanna og